


Reykjavíkurhöfn


Markmið

- Reykjavíkurhöfn, sem helsta höfn landsins, stuðli að því að Reykjavík verði alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð í Norður- Atlantshafi.
- Reykjavíkurhöfn býður góða hafnaraðstöðu með nægu landrými í sátt við umhverfið og er þannig hvati að öflugu atvinnu- og viðskiptalífi.
- Viðskiptavinum verði tryggð örugg, hagkvæm og fjölbreytt þjónusta.



Í aðalskipulagi eru sett fram þau markmið að hafnarstarfsemi í Reykjavík verði eflað enn frekar. Hafnar- og athafnasvæði eru mikilvægur hlekkur í atvinnustarfsemi í borginni og að hún sé alþjóðleg borg í góðum tengslum við umheiminn. Það er stefna borgaryfirvalda að starfsemi á þessum svæðum sé gefið vaxtarrými og er því í aðalskipulagi afmarkað nægilegt rými fyrir hafnar- og athafnasvæði og mörkuð er skýr stefna um hlutverkaskipti einstakra hafnarsvæða.

Allir almennir vöruflutningar og margs konar stórflutningar fara nú um Sundahöfn og hún er nú í mun ríkari mæli en áður flutninga- og dreifingamiðstöð alls landsins. Almennir vöruflutningar hafa tvöfaldast á síðustu 20 árum, úr 700 þúsund tonnum í 1.450 þúsund tonn, og spáð er að þeir tvöfaldist á næstu 30 árum.



Reykjavíkurhöfn er nú ein stærsta gámaflutningahöfn á Norðurlöndum en árið 2000 fóru um hana 230 þúsund gámaeiningar. Fiskvinnslu- og þjónustufyrirtækjum, sem áður voru dreifð um borgina, hefur verið komið fyrir á nýjum landfyllingum í Vesturhöfn. Öll geymsla og dreifing oliuvara í lausu máli fer fram í oliubirgðastöð í Örfirisey. Skemmtiferðaskipum hefur fjölgað úr 20 – 25 skip á ári í um 50 skip á ári og spáð er mikilli aukningu á næstu árum.

Hafnarsvæði

Lagt er til að taka tvö hafnarsvæði, Ártúnshöfða og Gufunes, undir blandaða byggð. Einnig eru áform um að halda áfram að þróa miðborgarstarfsemi inn á eldri hafnarsvæði Gömlu hafnarinnar og hætta skipaviðgerðum við Myrargötu.

Hafnarsvæði Reykjavíkur eru mikilvæg atvinnusvæði þar sem um 3.000 manns sækja vinnu. Með 75% íbúa landsins á höfuðborgarsvæðinu og nálægum byggðum er mikilvægt að helstu vörugeymslur og vörudreifingarmiðstöðvar landsins séu sem næst þessari þungamiðju byggðar í landinu. Þá þurfa athafnasvæði og viðskiptahverfi góð tengsl við höfn því fáar þjóðir eru jafnháðar sjóflutningum og Íslendingar.



Á undanfönum tveimur áratugum hafa hafnarsvæði verið stækkuð mikið með landgerð í Gömlu höfninni og Sundahöfn. Þessi stækkun hefur byggst á auknum umsvifum en ekki síður á því að athafnalífi tengt höfn hefur verið sköpuð aðstaða til að flytja á hagkvæmari stað á hafnarsvæðum.

Gamla höfnin

Áætlanir um hafnarsvæði miðborgar fela í sér breytta landnotkun í Austurhöfn. Til að bregðast við þeim breytingum er lagt til að sjávarútvegsþjónusta verði flutt í auknum mæli í Vesturhöfn. Mikilvægt er að haga deiliskipulagi á nálægum svæðum þannig að ekki verði frekar þrengt að starfsemi fiskihafnar. Áætlað er hætta rekstri upptökumannvirkja við Myrargötu. Það svæði býður upp á ýmsa möguleika sem hafnar- og athafnasvæði. Hafnaraðstaða og þróunarrými er fyrir oliuflutninga í Örfirisey.



Sundahöfn

Þróun Sundahafnar undanfarna áratugi tekur mið af breytingum í vöruflutningum og sérstöðu Íslands. Með aukningu í gámaflutningum og nýtingu á hagkvæmni stærðar í sjóflutningum hefur Sundahöfn orðið mikilvægasta miðstöð flutninga til og frá landinu og til söfnunar og dreifingar um landið. Um 60% þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu og helstu viðskiptasvæði eru innan stundarfjórðungs aksturs frá Sundahöfn. Auk farmstöðva og gámaavalla fyrir sjóflutninga, sem eru mest áberandi í erlendum flutningahöfnum, hafa á Sundahafnarsvæðið safnast vörugeymslur og dreifingarmiðstöðvar og á síðustu árum einnig landflutningastöðvar sem byggja á beinni vörudreifingu frá hafnarsvæðum. Þetta þýðir að hafnar- og athafnasvæði við Sundahöfn eru mun stærri en tíðkast annars staðar. Sundahöfn er nú um 146 hektarar. Þar af eru farmstöðvar skipafélaga og annarra um 55 hektarar en annað landrými um 91 hektari.

Rými er til þróunar hafnarbakkasvæða fyrir almenna vöruflutninga og sérflutninga með landauka og hafnargerð í Sundahöfn. Gott rými er til landgerðar og þróunar hafnar utan Klepps milli Kleppsbakka og Vogabakka. Með fjölnotahöfn á Klettasvæði skapast rými fyrir nýja viðskiptavini. Við Skarfabakka verður auk þess hægt að leggja stærstu skemmtiferðaskipum en vegna stækkandi skipa er sífellt erfiðara að koma þeim að bryggju.

Þróunarrými er til að stækka framsvæði um 44 hektara. Landi á baksvæðum hefur að mestu verið ráðstafað. Sum svæði eru komin að endurnýjun og mikilvægt að tryggja markvissa notkun þeirra. Til þess að svo megi verða þarf jafnvægi milli reksturs á framsvæðum og baksvæðum og að landnýting á svæðinu sé miðuð við þarfir sjóflutninga, vörugeymslu og vörudreifingar. Mikilvægt er að baksvæði í Sundahöfn séu skipulögð og nýtt með þetta að markmiði.

Ártúnshöfði

Höfninni í Ártúnshöfða var valinn staður ekki síst með hliðsjón af að þjóna steypustöðvum og malbikunarstöð á svæðinu. Hún er um 9 hektarar og þar hefur verið landað miklu magni af sjávarafni, sementi og asfalti, oft yfir milljón tonnum á ári, og stór hluti fer beint sem hráefni til framleiðslu á svæðinu, án þess að fara inn á almennt gatnakerfi. Í tillögu að nýju aðalskipulagi er ráðgert að leggja niður höfn í Ártúnshöfða og þar með að flytja starfsemi Björgunar þaðan. Finna þarf starfsemiinni stað þannig að flutningar komi ekki með fullum þunga á gatnakerfið.

Eiðsvík

Áætla má að hafnarsvæði í Gömlu höfninni og Sundahöfn verði að mestu fullbyggð eftir 15 ár og full nýting náist í meginatriðum á aðalskipulagstímabilinu. Á seinni hluta tímabilsins þurfa því ný hafnarsvæði í Eiðsvík að koma til, bæði til að taka við nýjum viðskiptum en einnig starfsemi af eldri hafnar- og athafnasvæðum eins og Ártúnshöfða. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir höfn og landaðstöðu í Geldinganesi.

	1980	2000	2024
	Aðalskipulag		
Gamla höfnin	30	50	70
Sundahöfn	51	146	190
Ártúnshöfði	4	9	0
Eiðsvík	24	22	125
	109	227	385